

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 15.05.2015
Tilv. 2015/0218 - 0.0.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, 685. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 6. maí 2015, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, 685. mál.

Neytendastofa fagnar því að skýrari reglur er varða notkun þjóðfánans séu settar og heimild til notkunar hans í tilteknum tilvikum. Á grundvelli laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu berast Neytendastofu reglulega ábendingar eða kvartanir vegna villandi merkinga á vörum þar sem með þjóðfánanum eða tilvísun til hans sé með villandi hætti gefið til kynna að um íslenska vöru eða íslenska framleiðslu sé að ræða, þegar svo er ekki. Neytendastofa hefur tekið ákvarðanir í slíkum málum á grundvelli áðurgreindra laga.

Stofnunin telur til mikilla bóta að ákvæðum laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið séu skýrð og stofnuninni falið eftirlit með ákvæðunum. Eftir sem áður mun stofnunin því geta tekið á þeim málum sem varða óheimila eða villandi notkun fánans.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri